

## 5. gr.

Tímavinnugjald fyrir aðra þjónustu Fasteignamats ríkisins skal vera svo sem hér segir:

- |                      |                    |
|----------------------|--------------------|
| a. Sérfræðingur:     | 2 700,00 kr./klst. |
| b. Matsfulltrúi:     | 1 600,00 kr./klst. |
| c. Aðrir starfsmenn: | 1 200,00 kr./klst. |

## 6. gr.

Fyrir hvert vottorð úr fasteignaskrá skal greiða kr. 300,00.

## 7. gr.

Fyrir ljósrit úr fasteignaskrá skal greiða kr. 300,00 fyrir hverja síðu.

## 8. gr.

Gjaldskrá þessi er sett skv. 14. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, sbr. 27. gr. laga nr. 1/1992, um breyting á þeim, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Fjármálaráðuneytið, 10. nóvember 1992.*

F. h. r.

**Þórhallur Arason.**

*Björn Hafsteinsson.*

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 265 8. júlí 1992,  
um loðnuveiðar 1992/1993.**

## 1. gr.

Í stað: „136.500 lestum“, í 3. tl. 1. gr. komi: 386.100 lestum.

Í stað: „390 þúsund lestir“, í 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða komi: 639.600 lestir.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 9. nóvember 1992.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*